

# Lög

**um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000,  
með síðari breytingum (viðmiðunardagur  
umsóknar um kosningarrétt).**

---

## 1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. og 3. mgr. 27. gr. skal umsókn um kosningarrétt skv. b-lið 2. mgr. 1. gr. sem berst Þjóðskrá Íslands í síðasta lagi 11. október 2017 gilda frá dagsetningu bréfs hennar um að umsækjandi skuli tekinn á kjörskrá. Að öðru leyti fer um kosningarréttinn skv. 2. gr. laganna.

Fullnægjandi umsókn um að verða tekinn á kjörskrá sem berst Þjóðskrá Íslands eftir 11. október 2017 gildir frá 1. desember 2017.

Umsókn um að verða tekinn á kjörskrá sem barst Þjóðskrá Íslands eftir 1. desember 2016 og var fullnægjandi skal nú gilda frá gildistöku þessa ákvæðis. Að öðru leyti fer um kosningarréttinn skv. 2. gr. laganna. Þjóðskrá Íslands tilkynnir umsækjanda þessa breytingu og hlutaðeigandi sveitarstjórn.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## 3. gr.

Lög þessi falla úr gildi 1. desember 2017.

---

*Samþykkt á Alþingi 27. september 2017.*